

**Sp.**

**47. Tillaga til þingsálvktunar**

[46. mál]

um heimildarkvikmynd um Alþingi.

Flm.: Benedikt Gröndal, Eyjólfur Konr. Jónsson, Magnús Kjartansson,  
Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að láta gera heimildarkvikmynd um starfshætti Alþingis, eins og þeir nú eru, þannig að myndin henti sem best til sýningar í sjónvarpi, skólum landsins og við önnur tækifæri.

**Greinargerð.**

Alþingi starfar enn í meginráttum eins og það hefur starfað í rúma öld, og ytri aðstæður þess hafa verið lítt breyttar, síðan þinghúsið var reist. Nú eru hins vegar miklar breytingar fram undan. Bygging nýs þinghúss verður nauðsynlegri með hverju ári sem líður, og fram hafa komið tillögur um grundvallarbreytingar, eins og þá að leggja niður deildarskiptingu og gera þingið að einni málstofu.

Heimildarkvikmynd um störf Alþingis hefur aldrei verið gerð. Virðist rík ástæða til að gera slíka mynd, meðan þingið er enn í hinum gamla farvegi og hefur ekki tekið þeim stakkaskiptum, sem vafalaust eru fram undan, þótt ekki komi annað til en nýtt þinghús.

Hugmyndin um að kvikmynda störf Alþingis hefur verið rædd í útvarpsráði með tilliti til sjónvarps. Var þar talið æskilegt, að slík mynd yrði gerð af Alþingi sjálfu, enda þótt sjónvarpið sé að sjálfsögðu reiðubúið til hvers konar samstarfs.

Hugmyndin hefur og verið rædd í stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins, og var einnig þar talið æskilegt, að Alþingi hefði sjálft forustu í málinu, en myndin yrði gerð með það fyrir augum, að hún yrði hentug kynning á þinginu í skólum landsins.

Kvikmynd af Alþingi yrði að sjálfsögðu að vera litmynd, en sjónvarpið tekur aðeins svarthvítar myndir, þótt það geti sýnt litmyndir. Þá þurfa tal og tónar að vera á filmunni sjálfri til varðveislu og sýningar í skólum eða annars staðar, en sjónvarpið notar að jafnaði aðra aðferð við kvikmyndagerð sína. Af þessu er ljóst, að æskilegt er samstarf viðkomandi aðila, svo og að verkið verði unnið á vegum Alþingis sjálfs til að tryggja heimildargildi þess. Má raunar taka allmiklu meira kvikmyndamagn til varðveislu en notað verður í þeirri útgáfu myndarinnar, sem sýnd yrði í sjónvarpi og skólum.

Kostnaður við kvikmyndagerðina mundi dreifast á 2—3 ár og greiðast með öðrum alþingiskostnaði.